

Mánudaginn 30. maímánaðar.

Nr. 7/1904:

Sturla Jónsson  
 gegn  
 Geir Zoëga.

D ó m u r:

Mál þetta átti að falla í rétt samkvæmt áfrýjunarstefnunni 9. þ. m., en þá mætti áfrýjandi eigi og enginn af hans hendi, og var stefnan eigi lögð fram í yfirdóminum. Aftur á móti mætti þá í yfirdóminum af stefnda hálfu samkvæmt stefnunni yfirréttarmálaflutningsmaður Oddur Gíslason og krafðist kosts og tæringar handa stefnda. Ber að taka þá kröfu til greina samkvæmt N. l. 1.—4.—34. og dæma stefnda hjá áfrýjanda 6 kr. í nefndu skyni.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Sturla kaupmaður Jónsson greiði stefnda kaupmanni Geir Zoëga í kost og tæring 6 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.